



FÉLAGSBÚSTAÐIR HF.

Fréttabréf

Febrúar 2005 - 1. tölublað - 8. árgangur

Hallveigarstíg 1, 101 Rvk. - sími 520-1500

Síðasta kaupleiguíbúðin í Reykjavík

Árið 1990 lagði þáverandi félagsmálaráðaherra fram tillögur á Alþingi um kaup og byggingar á kaupleiguíbúðum. Tillögurnar voru samþykktar og í Reykjavík voru byggðar 208 íbúðir. Íbúðirnar áttu helst að þjóna þeim sem voru of tekjuháir í félagslegar leiguíbúðir en höfðu lent í tímabundnum erfiðleikum t.d. gjaldþroti sem hægt væri að vinna sig út úr eða uppáskriftum lána sem féllu á viðkomandi. Þannig mátti ekki veðsetja eða gera fjárnám í kaupleiguíbúðum.

Húsnæðisnefnd Reykjavíkur hafði með úthlutun og sölu á íbúðunum að gera en Félagsbústaðir tóku við afgreiðslu og rekstri þeirra þegar húsnæðisnefndin var lögð niður árið 2001. Samningar um kaupleiguíbúðir í Reykjavík voru gerðir til 5 ára. Að þeim tíma loknum átti að

vera orðið ljóst hvort viðkomandi óskaði eftir kaupum á íbúðinni eins og um félagslega eignaríbúð væri að ræða að ákveðnum skilyrðum uppfylltum eða að leigja íbúðina af Félagsbústöðum og afsala sér kaupréttinum. Nokkrir aðilar fengu framlengdan kaupleiguíbúðarsamning vegna sérstakra aðstæðna og var því afgreiðslu á síðustu kaupleiguíbúðinni í Reykjavík ekki lokið fyrr en í s.l. desembermánuði. Um 47 % kusu að kaupa íbúðirnar en um 35 % að leigja þær. Aðrir sögðu þeim upp og leystu sín húsnæðismál öðruvísi.

Þegar upp er staðið er ljóst að kaupleiguíbúðirnar í Reykjavík hafa á þessum tíma hjálpað mörgum sem áttu óhægt um vik á frjálsum húsnæðismarkaði og hafi þannig þjónað sínum tilgangi.

Jórufell 2-12

FRAMKVÆMDIR Nú er nýlega lokið framkvæmdum við lokun svala, klæðningu og aðrar endurbætur utanhúss að Jórufelli 2-12. Þá hafa einnig verið settar nýjar inngangshurðir í allar íbúðir.



Í sumar verður framkvæmdum haldið áfram og verður þá baklóðin öll endurgerð og skipt verður um allar aðalinngangshurðir.

Tvö ný fjölbýlishús

FRAMKVÆMDIR Á þessu ári hefjast framkvæmdir við smíði tveggja nýrra fjölbýlishúsa fyrir Félagsbústaði.



Að Þorlaksgeisla 9, Grafarholti, verða byggðar 20 íbúðir tveggja, þriggja og fjögurra herbergja. Gert er ráð fyrir að húsið verði fullbúið í mars 2006.

Að Hólmvaði 24-36, Norðlingaholti, verða reystar 18 íbúðir tveggja til fimm herbergja. Áætlað er að framkvæmdir þar verði lokið í lok þessa árs.

www.felagsbustadir.is

Framkvæmdaáætlun 2005

Á ætlun um viðhaldsframkvæmdir þessa árs liggur nú fyrir. Helstu verkefni sem ráðist verður í eru:

- *Meistaravellir 19-23*: Miklar endurbætur á anddyrum, stéttum, lóð o.fl. Húsið verður allt málað.
- *Unufell 44-46*: Lokun svala, múrviðgerðir, klæðning, málun o.fl.
- *Skúlagata 64-80*: Stigagangar verða málaðir, skipt verður um allar hurðir að íbúðum o.fl.
- *Furugerði 1*: Málun utanhúss, viðgerðir á þaki, endurbætur á hita- og loftræstikerfi ofl.
- *Langahlíð 3*: Endurbætur á hita- og loftræstikerfi o.fl.
- *Endurgerð lóða*: Haldið verður áfram endurgerð lóða og bílastæða og er gert ráð fyrir að þær framkvæmdir verði langt komnar á þessu ári.

- Lekaviðgerðir, klæðning o.fl.
- *Hjólageymslur*: Gert verður áttak í endurbótum og tiltektum í hjóla- og vagnageymslum.
- *Öryggismál*: Unnið verður markvisst áfram að endurbótum á brunavörnum. Bætt verður við öryggismyndavélum á ýmsum stöðum. Lýsing við aðalinnganga verður bætt.

Þetta eru stærstu viðhaldsverkefni en auk þeirra verður unnið við fjölmörg smærri verkefni sem of langt mál er að telja upp hér í fréttabréfinu.

Félagsbústaðir vonast eftir góðu samstarfi við íbúa meðan á þessum framkvæmdum stendur en óhjákvæmilegt er að þeim fylgi eitthvað rask og ónæði og er hér með beðist velvirðingar á því.

Leiðrétting

FJÖLMIDLAR Í umræðuþáttum á Útvarpi Sögu um síðustu mánaðarmót komu fram alrangar fullyrðingar um hækkanir á leigu íbúða Félagsbústaða. Þar var því haldið fram að vegna hækkaðs fasteignamats um 23% um sl. áramót myndi leiga hækka um 20%. Þetta er alrangt og hefur engin slík umræða verið í gangi hjá stjórnendum Félagsbústaða.



Það er mikill ábyrgðarhluti þegar slíkum fullyrðingum er haldið á lofti án nokkurar athugunar á staðreyndum málsins. Þetta hefur því miður valdið ýmsum leigjendum Félagsbústaða óþarfa áhyggjum og ónæði sem vonlegt er. Talsvert hefur verið um símhringingar útaf þessu máli en Félagsbústaðir vilja hér með koma þeim réttu upplýsingum á framfæri við alla leigjendur sína að engar slíkar hækkanir eru fyrirhugaðar.

Grænt bókhald

UMHVERFISMÁL Í samræmi við umhverfisstefnu sína hafa Félagsbústaðir ákveðið að færa svokallað “grænt bókhald” yfir starfsemina. Fyrirtækið hefur mikilvægu hlutverki að gegna við að vernda umhverfið og vill vera í fararbroddi íslenskra fyrirtækja hvað það varðar.



Skýrsla fyrir árið 2004 verður tilbúin á vormánuðum og verður aðgengileg á heimasíðu Félagsbústaða. Nánar verður fjallað um þetta í næsta fréttabréfi.

Símatímar Félagsbústaða

Þjónustudeild - kl. 8:30- 10:00
í síma **520-1500** alla virka daga.

Innheimtustjóri - kl.11:00-12:00
í síma **520-1500** alla virka daga.

Bilanatilkynningar - kl.13:00-15:00
í síma **557-9664** alla virka daga.

Útgefandi: Félagsbústaðir hf.

Hallveigarstíg 1, 101 Rvk.
S: 520-1500 Fax: 520-1516

Upplag: 2000 eintök

Ábyrgðarmaður:

Sigurður Kr. Friðriksson

www.felagsbustadir.is